Stjórnarfundir

# 3. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 23. ágúst 2017 kl. 16.30.

Mætt eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Karl Kristján Ásgeirsson, Salome Ingólfsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.
Forföll boðuðu Hildur Elísabet Pétursdóttir, Heimir Hansson og Elísa Stefánsdóttir

Dagskrá:

1. Íþróttaskólinn 2017-2018.
   Salome Ingólfsdóttir fór yfir skipulag og starf skólans næsta vetur. Nemendafjöldi er meiri í vetur en verið hefur áður og munar þar mestu að stórir árgangar hafa komið inn í fyrsta bekk tvö síðustu ár. Það sama mun væntanlega gerast á næsta ári og mun þá fjölga enn meira. Þetta hefur leitt til þess að fjölga þarf tímum í íþróttaskólanum. Stundaskrá skólans nær nú til 16.30 fjóra daga í viku með tilheyrandi viðveru yfirþjálfara.
   a. Aukinn tímafjöldi. Töluverður kostnaðarauki fylgir auknu starfi án þess að nægjanlegar tekjur fylgi með. Til dæmis aðstoðarmenn í fleiri tíma. Stjórn samþykkir að senda erindi til íþrótta- og tómstundanefndar um aukinn styrk til að koma til móts við aukinn kostnað við skólann vegna þessarar fjölgunar.
   b. Sundtímar. Sunddeild Vestra er ekki með starf sem stendur. Því hefur verið vandræði með að halda úti sundstarfi íþróttaskólans. HSV býðst að ráða beint þjálfara til að sjá um það starf fyrir komandi vetur. Stjórn samþykkir að heimila yfirþjálfara að ganga til samninga við viðkomandi þjálfara.
   c. Niðurfelling gjalds. Yfirþjálfari óskar eftir heimild til að fella niður æfingagjald fyrir barn sem kom með flóttafjölskyldu í febrúar síðastliðinn. Stjórn samþykkir erindið.
   d. Íþróttaskóli utan Ísafjarðar. Á Þingeyri mun starfið fara af stað nú í september. Verið er að skoða málin á Flateyri og Suðureyri. Einnig þarf að athuga nánar með að koma aftur í gang skóla í Súðavík.

   Salóme yfirgefur fundinn

2. Stundatöflugerð
   Hefur gengið mjög vel og hillir nú undir lok þeirrar vinnu. Svo virðist sem alltaf fjölgi tímaþörf hjá aðildarfélögum HSV og eru íþróttahúsin á Torfnesi, Austurvegi og Bolungarvík fullbókuð auk nokkurrar notkunar á Suureyri, Flateyri og Þingeyri. Það sem breyst hefur frá síðustu stundatöflugerð er að nú er taflan miðuð við frístundarútu sem mun keyra milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á klukkutímafresti á virkum dögum. Lagt fram til kynningar.

3. Stjórnarhandbók HSV
   Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar endurskoðaða stjórnarhandbók HSV. Það er rit sem gert er fyrir stjórnir aðildarfélaga HSV til að átta sig á hlutverki og starfi sambandsins.

4. Önnur mál
    a. Samráðsvettvangur: Ingi Björn spyr hver sé staðan á samráðsvettvangi sveitarfélaga við Djúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Því miður hefur lítið gerst þar. Framkvæmdastjóri mun blása lífi í verkefnið.

Fundi slitið kl. 17.30